

**Nd. 337. Frumvarp til laga [190. mál]**

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

**1. gr.**

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974 svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

**2. gr.**

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum, sem framleiddar verða á árinu 1974 til þess að greiða niður verð á brennsluolium til íslenskra fiskiskipa og fleira. Verðhækkun á olíu í heiminum kemur sérstaklega hart niður á útgerðinni og geta einstakra greina sjávarútvegs til þess að mæta þessari hækkun er afar misjöfn. Til þess að greiða fyrir ákvörðun almenns fiskverðs frá áramótum 1973/74 og treysta rekstrargrundvöll þorskveiða, hefur ríkisstjórnin ákveðið, í samráði við hagsmunasamtök sjávarútvegsins, að beita sér fyrir því, að á árinu 1974 verði lagt sérstakt 5% útflutningsgjald á fob-verðmæti útflutningsframleiðslu loðnuafurða fiskimjólsværksmiðja og frystihúsa. Ríkjandi verðlag á þessum afurðum er nú mjög hagstætt. Þessi grein er því talin aflögufær. Er sýnt, að hagrur loðnuveiða og vinnslu getur orðið mjög góður, þrátt fyrir þessa gjaldtöku. Við þessar aðstæður virðist eðlilegt að leysa þennan vanda á þann hátt, sem hér er lagt til.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974 svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

2. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolium til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu héraðs, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð héraðs til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Lúðvík Jósepson.*